

Ísland ljóstengt 2021

Hluti A – Innsend gögn vegna fyrirhugaðrar umsóknar sveitarfélags um styrk til ljósleiðaravæðingar á árinu 2021

Umsækjandi:

Sveitarfélag, sveitarfélög eða landshlutasamtök:	Ísafjarðarbær
Tengiliður varðandi umsókn:	Axel R Överby, sviðsstjóri
Sími/farsími:	6903715
Tölvupóstfang:	axelov@isafjordur.is
Staður og dags. umsóknar:	Ísafirði 26. 2. 2021
Undirritun:	

Gögn sem fylgia með hluta A:

Nr.	Fylgir	Skýring
1	X	Upplýsingar um stöðu uppbyggingar sem hlaut styrk frá fjarskiptasjóði 2016 - 2020 (ef við á). Þar með talið skal vera staðarlisti þar sem kemur fram hvaða staði stendur til að tengja með fyrri styrkjum, hverjir af þeim eru nú þegar tengdir og grófa tímaáætlun hvenær styrktir staðir sem eftir eru fá tengingu.
2	X	Grófhönnun ljósleiðarakerfis fyrir allt dreifbýli sveitarfélagsins.
3	X	Skipting í tímasetta verkáfanga sem stendur til að sækja um styrk vegna framkvæmda á árinu 2021.
4	X	Áætlaður stofnkostnaður og áætlun um skiptingu kostnaðar á milli aðila, án virðisaukaskatts.
5	X	Niðurstaða könnunar á áformum markaðsaðila um uppbyggingu á markaðsforsendum Sjá fyrirmund Póst- og fjarskiptastofnunar: https://www.pfs.is/fjarskipti/ljosleidarauppbrygging-og-rikisstyrkir/fyrirmund-adauglysingi/

7	X	Listi yfir styrkhæfa staði sem til stendur að tengja samkvæmt forskrift Póst- og fjarskiptastofnunar: https://www.pfs.is/library/Skrar/Ljosleidarauppbýgging/Leidbeiningar_PFS_um_gerd_stadalista.pdf
8	X	Staðfesting þess að kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrilliggjandi innviða og samlegðar með öðrum jarðframkvæmdum (sjá fylgiblað)

Athugasemd: Haka skal við í reitinn „Fylgir“ að viðkomandi gögn fylgi með.

Ísland ljóstengt 2021

Varðar umsókn sveitarfélags um styrk til ljósleiðaravæðingar á árinu 2021

Með vísan til skilmála styrkúhlutunar, nánar tiltekið liða 27, 29 og 37 í tæknilegum skilmálum, þá ber umsækjanda að skila eftifarandi staðfestingu.

STAÐFESTING

Fylgiskjal með A hluta vegna umsóknar um styrk

Fyrir hönd **Ísafjarðarbæjar** er hér með staðfest að kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrilliggjandi innviða, samlegðar með öðrum jarðframkvæmdum.

3 Mars 2021

Staður og dagsetning



The image shows a blue ink signature written over an official circular stamp. The stamp has the text "BÆJARSTJÓRI" at the top and "ÍSAFJARDARBAE" at the bottom. In the center of the stamp is a small heraldic shield.

Undirritun

Nr. 1 – Upplýsingar um stöðu uppbyggings

Vísað er til upplýsinga sem fylgdu umsókn 2019 um lýsingu á fyrri framkvæmdum en hér verður gerð grein fyrir framkvæmdum árin 2019-2020 ásamt heildaryfirliti um stöðu uppbyggings.

Í umsókn vegna 2019-2020 var sótt um vegna 26 styrkhæfra staða í 4 áföngum. Í aukaúthlutun sumarið 2020 var bætt við 5. áfanganum vegna eins styrkhæfs staðs. Áfangar 1-3 voru unnir árið 2019 og áfangar 4-5 árið 2020. Framkvæmdum vegna þessarra umsókna var að fullu lokið í nóvember 2020.

Að auki tengdi samstarfsaðli Ísafjarðarbærar í tengslum við þessi verk nokkrar eignir sem ekki fengu styrk en framkvæmdir vegna styrkja nýttust að hluta til. Má þar nefna fjarskiptastað á Gemlufallsheiði, Gerðhamra og staðföng í innanverðum Dýrafirði.

Styrkir fengust ekki árið 2016 en frá 2017 var framkvæmt skv. töflunni hérna (heildaryfirlit).

Engir staðir eru eftir sem til stendur að tengja með fyrri styrkjum, framkvæmdum vegna fyrri styrkja er að fullu lokið nema eftir á að ganga frá heimtaug og húskassa í 3 staðföngum sem voru styrkhæf en það verður gert þegar pöntun berst.

Að auki eru síðan nokkur staðföng sem ekki voru styrkhæf en gert var ráð fyrir við hönnun kerfisins og geta fengið tengingu úr næsta tengibrunni sé eftir því óskað gegn greiðslu framkvæmdakostnaðar.

Ár	Lýsing	Staða verkefna Ísafjarðarbær - Ísland ljóstengt.	Tengd staðföng	
			alls	styrkhæf
2017	Breiðadalur & Skeiði		16	9
2018	N-verður Dýrafjörður		26	18
2019	S-verður Dfj. & N-Önundarfj.		20	13
2020	S-verður Dfj. & N-Önundarfj.		5	4
	S-Önundarfj		18	11
Samtals 2017-2020			85	55

Nr. 2 – Grófhönnun ljósleiðarakerfis fyrir allt dreifbýli sveitarfélagsins

Vísað er til hönnunar vegna lokinna verkefna í eldri umsóknum og samningum. Varðandi styrkumsókn fyrir árið 2021 er um fjóra aðskilda áfanga að ræða.

- 1 Höfði í Skutulsfirði
- 2 Arnardalur við utanverðan Skutulsfjörð
- 3 Staðardalur í Súgandafirði
- 4 Ingjaldssandur

Áfangi 1: Höfði í Skutulsfirði. Plægður verður ljósleiðari í botni Skutulsfjarðar frá brunni yfir sandleirur að Grund (gulur tígull) og þaðan að Höfða (fjólblár tígull) eins og punktalínan sýnir. Einnig kemur til greina að plægja frá brunni við sorpeyðingarstöðina Funna í Engidal (neðst á mynd) en það er á þessu stigi talið ólíklegra. Höfði er eina styrkhæfa staðfangið í þessum áfanga.

Fjólbláir tíglar merkja íbúðarhús en gulir tíglar merkja sumarhús eða atvinnurekstur. Ljósbláir punktar eru fyrirhugaðir tengibrunnar.



Áfangi 2: Arnardalur við utanverðan Skutulsfjörð. Frá brunni við fjarskiptahús Mílu verður grafinn niður og plægður ljósleiðari að Ytri-húsum. Vegna mikils grjóts á hæðinni er líklegt að þurfi að fleyga fyrstu 250 metrana í átt að Ytri húsum. Þaðan verður plægt gegn um tún yfir að Heimabæ og Fremrihúsum.

Fimm styrkhæf staðföng eru í áfanga 2 sem eru Fjarskiptahús Isavia, Arnarnesviti, Heimabær (veitinga- og ferðaþjónusta opin allt árið), Heimabær 2 og Fremrihús (heimili).

Að auki er fyrirhugað að leggja í Ytrihús sem er sumarhús. Ekki er víst að Arnarnesviti verður tengdur en gert verður ráð fyrir tengingu þangað í hönnun.

Gert er ráð fyrir að síðar verði lögnin framlengd að tveimur sumarhúsum framar í dalnum (neðst á mynd) en þau eru ekki styrkhæf og þar af leiðandi ekki inni í áfanganum.



Áfangi 3: Staðardalur í Súgandafirði. Þessi áfangi verður unninn í samlegð með Orkubú Vestfjarða og vatnsveitu Ísafjarðarbæjar að hluta. Orkubúið rekur nú loftlinu yfir fjallið Spilli sem fyrirhugað er að endurnýja með þriggja fasa jarðstreng. Þá er vatnslögn úr Staðardal inn á Suðureyri komin til ára sinna, lögð árið 1972 sjávarmegin við veginn og kominn tími á endurnýjun á henni.

Frá brunni við Hjallabyggð á Suðureyri þarf að plægja út á flugbraut og niður fyrir hana að fiskverkuninni Klofnungi. Þaðan stendur til að grafa upp skurð sem var grafinn fyrir símastreng skömmu eftir árið 2000 út fyrir Spilli ofan vegar. Líklega þarf að dýpka skurðinn til að koma einnig fyrir háspennustreng og vatnsleiðslu í honum. Þessi kafli er um 1.500 m. Þegar komið er inn í Staðardal er hægt að plægja háspennustreng og ljósleiðara heim á hlað á bæjunum tveimur en vatnslögnin fer aðra leið í dalnum.

Tvö styrkhæf staðföng eru í Staðardal, Bær og Staður og báðir bæirnir í ábúð.



Áfangi 4: Ingjaldssandur.


Verkið verður unnið í samlegð við Orkubú Vestfjarða sem áformar þrifösun með jarðstreng til Ingjaldssands.

Plægt verður frá Sandsheiði, yfir Klúkuheiði og niður Valþjófsdal að tengibrunni við Tungu í Valþjófsdal. Síðan verður plægt niður af Sandsheiði að tengibrunni á móts við Hraun, þaðan að tengibrunni við Brekku og áfram út að Sæbóli.

Gert er ráð fyrir að tengja þrjá bæ, á einum er ábúð allt árið en hinum á meðan samgöngur á landi leyfa og jafnframt er á þeim rekin ferðapjónusta.

Kirkjan á Sæbóli er styrkhæf skv. skilmálum en ekki verður lagður í hana ljósleiðari en hægt síðar í minniháttar framkvæmd ef þörf krefur.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir að nýtt fjarskiptahús geti risið uppi á Barða en rekstraraðili þess mun sjá um að leggja frá því heimtaugar að brunni við Sæból. Ekki er gert ráð fyrir að tengja fjarskiptahús Mílu þar sem það leggst af eftir að ljósleiðari verður í boði.



Nr. 3 - Skipting í tímasetta verkáfanga sem stendur til að sækja um styrk vegna framkvæmda á árinu 2021

- 1 Höfði í Skutulsfirði
- 2 Arnardalur við utanverðan Skutulsfjörð
- 3 Staðardalur í Súgandafirði
- 4 Ingjaldssandur

Til stendur að vinna í öllum áföngum sumarið 2021. Framkvæmdaröð hefur ekki verið ákveðin þar sem taka þar tillit til efnisöflunar og annarra framkvæmda þar sem um samlegð er að ræða með Orkubú Vestfjarða og vatnsveituframkvæmdum. Reiknað er með að öll verkefnin taki um 3-4 mánuði í vinnslu. Afla þarf fornleifaskráningar vegna þriggja fyrstu áfangana og verður sú vinna sett af stað um leið og kostur er.

Nr. 4 - Áætlaður stofnkostnaður og áætlun um skiptingu kostnaðar á milli aðila, án virðisaukaskatts

Áætlaður stofnkostnaður mv. að samlegð verði vegna framkvæmda OV og vatnsveitu við Spilli er um 23 mkr. fyrir alla 4 áfangana. Reiknað er með að Ísafjarðarbær greiði um 20%, stofngjöld notenda um 9%, fjarskiptafyrirtæki um 20% og styrkir það sem uppá vantar. Fari verkefni fram úr áætlun greiða fjarskiptafyrirtæki og Ísafjarðarbær til helminga það sem upp á vantar. Mv. 10 styrkhæfa staði í heild er lágmarksframlag sveitarfélags og notenda samanlagt $10 * 500.000 = 5.000.000,-$

Vegna óvissu um samlegð og endanlegan kostnað við um 1,5 km skurð fyrir Spilli gæti kostnaðaráætlun tekið breytingum. Hún er því sett fram með fyrirvara um þetta atriði.

Heildarkostnaður	23.000.000	
Ísafjarðarbær (að lágmarki)	4.500.000	~ 20%
Notendur	2.000.000	~ 9%
Samstarfsaðili (að lágmarki)	4.500.000	~ 20%
Fjarskiptasjóður og aðrir styrkir	12.000.000	~ 51%

Nr. 5 - Niðurstaða könnunar á áformum markaðsaðila um uppbyggingu á markaðsforsendum

Auglýsing var birt á heimasíðu
Ísafjarðarbæjar þann 12. febrúar og í
Morgunblaðinu þann 13. febrúar 2021.

Míla hafði samband fyrir lok frests, án þess
þó að tilkynna um markaðsáform eða um
innviði sem félagið gæti lagt í té, en óskaði
eftir staðalista og verður sendur hann.

Tilkynningar

ÍSAFJARDARBÆR

Lagning ljósleiðara í Ísafjarðarbæ

Ísafjarðarbær telur mikilvægt að ljúka ljósleiðara-
uppbyggingu í dreifbýli í sveitarfélögnum. Því vinnur
sweitarfélagið ásamt samstarfsaðila nú að áætlun
um tengingu ljósleiðara inn á staðföng í sveitar-
félögnum, sunnan Ísafjarðardjúps, með það að
markmiði að koma tengingu á sem viðast.

Við fyrri kannanir um áform markaðsaðila um að
tengja staðföng í dreifbýli með a.m.k. 100 Mbps
þráðbundinni tengingu innan þriggja ára komu
ekki fram staðfestar upplýsingar um slík markaðs-
áform. Með vísan í fyrri auglýsingar sbr. auglýsing-
ar á vef Post- og fjarskiptastofnunar (www.pfs.is)
er markaðsaðilum hér með aftur gefinn kostur á að
upplýsa sveitarfélagið um slík staðfest áform.

Eins er hagsmunaaðilum hér með gefinn kostur á
að upplýsa sveitarfélagið um innviði, svo sem rör
og strengi, sem viðkomandi vill selja og nýta má til
að ná fram afangreindu markmiði. Óskað er eftir
því að upplýsingarnar berist á skrifstofu sveitar-
félagsins á netfangið postur@isafjordur.is fyrir lok
dags 21. febrúar 2021.